

Styrktarsamningur

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, hér eftir ráðuneytið, og Fjallaskóli Íslands, kt. 510725-0770, hér eftir styrkþegi, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis

- 1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við kennslu í fjallaleiðsögn á framhaldsskólastigi skólaárið 2025-2026. Námið fer fram í samræmi við staðfestar námsbrautarlýsingar.
 - 1.2. Styrkurinn er veittur til kennslu í fjallaleiðsögn með áherslu á jöklaleiðsögn og fjallgönguleiðsögn á framhaldsskólastigi fyrir eitt skólaár.
 - 1.3. Styrkþegi veitir nemendum og kennurum þjónustu og aðbúnað sem er nauðsynleg og almennt tíðkast vegna náms í fjallaleiðsögn.
 - 1.4. Styrkþegi skal á samningstíma hafa gilda viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi á grundvelli 12. grein laga um framhaldsskóla og uppfylla þau skilyrði sem sett eru í reglugerð nr. 426/2010 um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi.
 - 1.5. Kennsla samkvæmt samningi þessum skal fara fram í sérhæfðu húsnæði sem uppfyllir faglegar kröfur til kennslu.
 - 1.6. Samningur nær til kennslu tveggja staðfesta námsbrauta á framhaldsskólastigi:
 - Leiðsögumaður með áherslu á jöklaleiðsögn 24-563-4-11
 - Leiðsögumaður með áherslu á fjallgönguleiðsögn 24-562-4-11Námsbrautirnar eru báðar með námslokum á 4. þrepi og skiptast í verklegt og bóklegt nám.
- Hefðbundinn námstími er eitt ár í fullu námi, alls 60 einingar en nemendur hafa þess kost að sitja hlutanám og ljúka því á tveimur árum.
- 1.7. Markmið samnings þessa er að tryggja stefnu skv. kafla 20.1 í fjármálaáætlun.

2. Framlag og skyldur ráðuneytisins

- 2.1. Með samningi þessum veitir ráðuneytið styrkþega styrk allt að fjárhæð kr. 40.500.000 vegna þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. gr. samningsins.
- 2.2. Styrkurinn kemur frá málaflokki 20.10, af fjárlagalið 02-321-110.
- 2.3. Styrkurinn skiptist í 12 jafna greiðsluhluta og skal greiða fyrsta bankadag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning viðskiptabanka styrkþega eftir undirritun samningsins.
- 2.4. Hámarksfjárhæð greiðslna samkvæmt samningnum miðast við ígildi allt að 30 reiknaðan nemanda í fullu námi (rnem.) á skólaárinu 2025-2026. Greiðsla fyrir hvern rnem. nemur kr. 1.350.000 miðað við fullt nám, sem jafngildir 60 einingum á skólaári eða 30 einingum á önn. Endanlegt framlag ráðuneytisins skal ávallt ákvarðast á grundvelli staðfestum fjölda rnem. Ef fjöldi nemenda er færri en 25 rnem. mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu sem nemur 1.350.000 kr. fyrir hvern nemanda sem vantar upp á til að ná lágmarksfjöldanum.
- 2.5. Fjöldi rnem. er staðfestur 15. september og 15. febrúar og greiðslur miðast við ígildi nemanda í fullu námi skv. grein 2.4 í þessum samningi
- 2.6. Forsendur greiðslna eru eftirfarandi: Styrkþegi skal skila skriflegum upplýsingum um fjölda rnem., á grundvelli staðfestrar skráningar. Upplýsingar skulu innhalda:
 - Nafn, kennitölur og skráðan fjöldi eininga á nemanda.

- Upplýsingar um námsbraut nemenda.
 - Sundurliðun á fjölda nýnema og framhaldsnema eftir námsbrautum
- 2.7. Árangur og framgangur verkefnis samkvæmt samningi þessum er metinn út frá fjölda nem., framkvæmd námsins, faglegri eftirfylgni og gæðum náms.
 - 2.8. Styrkþegi skal halda gjöldum og tekjum sem tengjast samningi þessum aðgreindum í fjárhagsbókhaldi sínu eftir því sem frekast er unnt.
 - 2.9. Fjárframlag ráðuneytisins á samningstímanum er háð því skilyrði að fjárheimildir séu til staðar í fjárlögum þess árs sem samningur þessi tekur til. Stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á styrkþegi ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
 - 2.10. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. og reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar.
 - 2.11. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
 - 2.12. Tengiliður ráðuneytisins við styrkþega er Ragnhildur Bolladóttir, teymisstjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

3. Ábyrgð og skyldur styrkþega

- 3.1. Styrkþega er óheimilt að ráðstafa styrknum í annað en þau verkefni sem tilgreind eru í 1. gr. þessa samnings. Jafnframt er styrkþega óheimilt að framselja eða afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- 3.2. Styrkþegi skal taka fram í kynningarefni þeirra verkefna sem samningur þessi tekur til að verkefnin séu styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- 3.3. Styrkþegi skal skila ráðuneytinu eftirfarandi upplýsingum:
 - 3.3.1. Rekstraráætlun ásamt bráðabirgðauppgjöri og starfsáætlun, þar sem fram koma m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
 - 3.3.2. Greinargerð um framkvæmd samningsins, stöðu verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun, fyrir lok febrúar ár hvert. Í greinargerðinni skal jafnframt gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri og framkvæmd samnings þessa.
 - 3.3.3. Upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri styrkþega.
- 3.4. Styrkþegi skal auk þess veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess. Styrkþegi skal láta í té allar upplýsingar og gögn um verkefnin, eins fljótt og auðið verður.
- 3.5. Styrkþegi skal eigi síðar en 60 dögum frá lokum samningstíma, skila mennta- og barnamálaráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um framvindu verkefna og reikningsskil í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál. Í skýrslu skal gerð grein fyrir framgangi og árangri verkefna ásamt sundurliðun á hvernig styrknum var ráðstafað. Skýrsluna skal senda á netfangið mrn@mrn.is.
- 3.6. Eigi styrkþegi í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 3.7. Samning þennan, ársreikning styrkþega og greinargerð um framkvæmd samnings skal birta á vefsíðu styrkþega jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er jafnframt heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 3.8. Styrkþegi skal auk þess veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess. Styrkþegi skal láta í té allar upplýsingar og gögn um verkefnin, eins fljótt og auðið verður.

- 3.9. Styrkþegi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir styrkþegi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.
- 3.10. Fulltrúar ráðuneytisins og styrkþegi funda einu sinni á ári um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins, og eftir atvikum oftari eftir þörfum.
- 3.11. Vanræki styrkhafi skyldur sínar um skil á skýrslu getur það haft áhrif á frekari styrkveitingu og lokagreiðslu samnings.

4. Vanefndir

- 4.1. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, og öðrum kostnaði sem kann að falla til, ásamt vöxtum skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, uppfylli styrkþegi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Að sama skapi getur það leitt til endurskoðunar á styrkfjárhæð og/eða skapað ráðuneytinu endurkröfurétt ef styrkþegi brýtur með athöfnum eða athafnaleysi gegn skilyrðum eða forsendum fyrir framlagi eða styrk í samningi þessum.
- 4.2. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 4.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. Gildistími

- 5.1. Samningurinn gildir frá undirritun til og með 1. september 2026.
- 5.2. Óski annar hvor samningsaðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 23. september 2025

f.h. mennta- og barnamálaráðherra
Hafþór Einarsson, skrifstofustjóri

f.h. Fjallaskóli Íslands
Smári Stefánsson, skólastjóri